Egilsstaðaskóli

Fundur skólaráðs 30. september 2026

Fundur hófst kl. 17:00

Mættir: Viðar skólastjóri sem stjórnar fundinum, Fjóla Hrafnkelsdóttir, (fulltrúi kennara) sem ritaði fundargerð, Jón Magnússon fulltrúi kennara, Ragna Sif fulltrúi almennra starfsmanna, Bylgja og Lísa fulltrúar grenndarsamfélags, Hildur Jóna og Bella fulltrúar foreldra, Erika Rún og Eva Sólgerður fulltrúar nemenda.

1. **Nýtt skólaráð - breytingar**

Skólaráð Egilsstaðskóla er skipað eins og hér segir:

Skólastjóri: Viðar Jónsson.
Fulltrúar foreldra: Agla Þorsteinsdóttir og Berglind Hönnudóttir. Til vara Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir
Fulltrúar kennara: Jón Magnússon og Fjóla Margrét Hrafnkelsdóttir. Til vara er Berglín Sjöfn Jónsdóttir.
Fulltrúi almennra starfsmanna: Ragna Sif Sigurdórsdóttir. Til vara er Málfríður Ólafsdóttir.
Fulltrúar nemenda: Eva Sólgerður Gunnlaugsdóttir, Erika Rún Davíðsdóttir.
Fulltrúi grenndarsamfélags: Bylgja Borgþórsdóttir og Lísa Leifsdóttir. Viðar ætlar að athuga hvort að t.d. formaður Hattar er tilbúin til að koma inn fyrir aðra hvora þeirra, eða hvort að þær sitja áfram.

Nýtt fólk boðið sérstaklega velkomið. Umræður um nýtt skólaráð.

2. **Starfsáætlun skólaráðs skólaárið 2026-2027**

- Miðvikudagurinn 30. september 2026 kl. 17.00.
- Miðvikudagurinn 18. nóvember 2025 kl. 17.00 - Fundur með nemendaráði
- Miðvikudagurinn 24. febrúar 2026 kl. 17.00 – Opinn fundur í skólaráði
- Miðvikudagurinn 28. apríl 2025 kl. 17.00

Fundarfólk er sátt með dagssetningar og tímasetningu.

3. **Fréttir úr skólastarfinu**

- Endurmenntunardagar starfsfólks í haust. Fjölmörg námskeið. Tveir dagar í Egilsstaðaskóla, Heillaspor og Sterkir hópar með Vöndu. Starfsmenn innan skólaráðs voru mjög ánægð með þessi námskeið og gott að allir koma saman rétt fyrir skólabyrjun.
- Nemendaviðtalsdagur. Fólk almennt sammála um að þessir viðtalsdagur sé afar góð breyting á upphafi skólaársins. Það kom ábending frá starfsmanni sem er í stuðning að það sé óþægilegt að fá ekki meiri tengingu við foreldra barnana þar sem þau eru ekki í nema örfáum viðtölum. Fólk almennt líka sammála því að stuðningisfulltrúar skipti mjög miklu máli í lífi nemenda og eru það starfsfólk sem er lang mest með nemendahópnum.

- Göngudagurinn 2. sept. Dagurinn gekk vel. Það kom ábending um að það mætti breyta aðeins fyrirkomulaginu með yngsta stigið. Hugmyndin er sú að 1. – 3 bekkur myndi koma klukkutíma síðar í mat og geti þá notið betur útiverunar í staðin fyrir að vera að flýta sér. Fjórði bekkur gæti mögulega tekið nesti með sér í staðin fyrir að vera koma í skólan í mat.
- Sterkir hópar 17. sept. Það er meiri ánægja með skipulagið á þessum degi. Það er mikilvægt að taka niður alla punkta varðandi það sem betur má fara. Einnig kom athugasemd um að nemendur og foreldrar fái meiri upplýsingar um það afhverju við erum að hafa svona daga og hvað á að gera. Uppástunga kom líka um að það væri hægt að hafa annan skóladaginn þannig.
- Útis online 18. og 19. sept. Það var endurmenntunarfræðsla fyrir kennara sem fer fram í streymi.
- Aðal- og fræðslufundur foreldrafélagins. Stjórn foreldrafélagsins er alltaf skipuð foreldrum í 4. bekk, sem eru 5 talsins. Þá eru 2 varamenn sem koma úr 3. bekk. Þetta er fyrirkomulag sem virkar mjög vel og foreldrar festast ekki í stjórn til margra ára. Berglind Hönnudóttir er ný kjörin formaður félagsins.
- Haustþing – endurmenntunardagur. Ráðstefna sem haldin er á vegum KSA og SKAUST þar sem 15 fyrirlesarar mættu til að fræða kennara á Austurlandi.
- Söngstundir í 1. - 4. bekk. Á miðvikudögum kl. 9 er söngstund fyrir nemendur í 1. – 4. bekk og er það stefnan að halda þeim áfram. Mikilvægt fyrir jákvæðan skólabrag.
- Náttúruskólinn í 3. og 9. bekk. Uppástunga kom um að fleiri bekkir færu í Náttúruskólann. Það er frekar lítið að hafa bara 3 klst tvisvar á skólagöngunni í þessu verkefni. Það er mjög gott starf sem á sér stað hjá Náttúruskólanum, faglegt og mikilvægt.
- Bras í 1. og 6. Bekk.
- Þorgrímur Þráinsson í 5. bekk og 10. bekk. Nemendur voru ánægð með hans kynningu.
- Ævar vísindamaður heimsótti 3. – 7. Bekk. Hann kom og las upp úr bók sem er að koma út.
- Dans, leiklist og tónlist á stundatöflum. Foreldrar hafa frétt af þeim nýjungum sem hafa orðið undanfarin misseri varðndi söngstundina og leiklistina og segja þeirra börn hafi mikla ánægju af þessum stundum.
- Danskennari kemur í nóvember í viku. Stefnan er að hann kenni flestum nemendum skólans.
- Útikennslan. Það er fast í stundatöflu hjá 4., 5. og 6. bekk útikennsla, 80 mín í viku.
- Heilsuefling. Heimilisfræðikennarar eru með nýtt efni í 5. bekk og 9. og 10. bekk. Um er að ræða meiri fræðslu þegar það kemur að næringarfræði og forvörnum.

Framundan fram að næsta fundi í skólaráðs.

- Sterkir hópar skólasamfélagið. Á þriðjudaginn í næstu viku er tvöfaldur dagur í Egilsstaðaskóla. Nemendur eru í skólanum eins og vanalega en mæta svo aftur seinnipartinn og taka þátt í skipulagðri dagskrá. Umsjónarkennarar, í samráði/samvinnu við tengla bekkjarins, skipuleggja dagskrá fyrir foreldra, nemendur og kennara. Miðað er við að dagskráin standi í 1,5 klst. Mjög mikilvægt er að a.m.k. eitt foreldri mæti frá hverju heimili og halda þarf skráningu yfir hvort foreldrið komi eða bæði. Ef foreldrar komast ekki er æskilegt að einhver tengdur barninu komi, t.d. eldra systkini, afi eða amma. Stjórnendur senda út póst varðandi skráningar og umsjónarkennarar fylgjast með þeim og hafa yfirlit yfir skráningarnar.
  1. - 4. bekkur Frá kl. 16.30. - 18.00
  5. - 7. bekkur Frá kl. 18.00 - 19.30

8. – 10. bekkur Frá kl. 19.30 – 21.00
- Opið hús 21. október
- Vina- og tengsladagar
- Nemendaviðtöl 10. nóvember
- Árshátíð 8. – 10. bekk 12. nóv.

Næsti fundur í skólaráði 18. nóvember.

4. **Sjálfsmat**

Viðar fór yfir ákveðnar niðurstöður úr Íslensku æskulýðsrannsókninni. Skólinn er að koma betur út í flestum þáttum í samanburði við landið. Það er þó rými til að gera betur og þarf að gera úrbætur og aðgerðaráætlun sem verður komið áfram.

Það komu skiptar skoðanir á útivist í frímínútum hjá nemendum á yngri stigum. Í einhverjum tilfellum eru nemendur ekki að fara út fyrr en um hádegi. Viðar útskýrði að um tilraun væri að ræða að fækka þeim stundum þar sem nemendur væru í mikilli breytingu innan dagsins (umskipti og breytingar á umhverfi barna). Það kom fram að uppákomum innan ákveðna hópa væri að fækka eftir að þessi tilraun hófst.

5. **Drög að nýjum skólareglum**

Það er verið að fara yfir skólareglunar og vinna þær í samræmi við stefnu Heillaspora. Reglurnar eru núna hjá MMS til umsagnar.

6. **Öryggismál og viðhald**

Öryggisráð hefur verið að fara vel yfir þær úrbætur sem þarf að fara í til að koma í veg fyrir slys. Kastalinn á leiksvæði yngri barna var lokaður en hefur verið lagaður. Ábending kom um rennibrautina sem væri varasöm á veturna.

Hljóðvistaplötur voru settar upp í matsalnum og hefur orðið mikill munur á hljóðvist í salnum. Einnig var sett lyfta upp á kennaragang frá matsalnum til að bæta aðgenga þeirra sem þurfa að fara um á hjólastól.

7. **Önnur mál**

Nýtt námsmat – innleiðingateymi er að sitja reglulega fundi og er þetta allt saman í þróun.

Leiðbeinandi vinnureglur um samskipti heimila og skóla. Búið að vinna ákvðnar reglur um það hvernig því er háttað ef foreldrar koma í heimsókn í skólann. Mikilvægt að foreldri láti vita af heimsókn sinni. Þetta er gert vegna persónuverndarsjónarmiða og eru reglurnar orðnar opinbert plagg sem hafa verið settar inn á heimasíðu skólans.

Heimsókn frá Heimili og skóla í vikunni 2. – 6. nóvember. Þá verði farsældarsáttmálinn unninn með öllum bekkjum. Nota foreldradaginn til að fá þá sem ekki mæta til skrifa undir.

Farsældarsáttmálinn er verkfæri sem gerir foreldrum og öðrum sem koma að degi barnsins kleift að ræða sín á milli og setja niður ákveðin viðmið eða gildi sem þeim finnast mikilvæg til þess að styðja við þroska og farsæld allra barna í nærsamfélaginu. Hann gefur foreldrum tækifæri til þess að forma samstarf sín á milli og styrkja foreldrastarfið.

- Boða á alla bekkjarfulltrúa á fund og skipuleggja saman
- Bekkjarfulltrúar boða til fundar í sínum bekk og gera farsældarsáttmálann
- Sáttmálinn verður hengdur upp í stofum bekkjanna

Starfsþróunarhópar í Egilsstaðaskóla

Heillaspor – Áhersla á matsalinn þar sem hópurinn hefur verið að taka út aðkomu í matsalinn og hvernig skömmtun og matartíminn gengur. Þau gera síðan aðgerðaráætlun til að bæta umgengni og samskipti í matsalnum.

Forvarnarnarráð – Tengja forvarnaráætlun Egilsstaðaskóla við forvarnarstefnu Múlaþings.

Leiðsagnarnám og gæði kennslu

Umhverfismál, heilsuefling og útinám

Læsishópur – er að vinna að læsistefnu skóla. Vinna úrbótaplan fyrir skólann.

Sjálfsmatshópur – Ígrundar niðurstöður kannana.

Fulltrúar nemenda komu því á framfæri að 21. Október verður bleikur dagur í skólanum sem er sami dagur og opin dagur verður í skólanum. Þær leggja mikla áherslu á að allir mæti í bleiku og líka foreldrar sem mæta á opið hús.

Einnig sögðu þær frá því að búið væri að skipuleggja dagskrá fyrir nemendur í frímínútum í október.

Næsti fundur á kaffistofunni.

Fundi slitið kl. 18:30.